

Umsögn

Til: Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Frá: Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar
Dags. 26. október 2023
Mnr. 2023010001



ÍSAFJARÐARBÆR

Umsögn bæjarráðs Ísafjarðarbæjar um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar er fylgjandi framtíðarsýn og meginmarkmiðum í samgönguáætlun þar sem stefnan er sett á að Ísland verði í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu, og að innviðir mæti þörfum samfélagsins.

Enn er langt er í land að þessi markmið geti raungerst á Vestfjörðum.

Mikilvægt er að samkeppnisstaða Vestfjarða verði treyst með greiðum og áreiðanlegum samgöngum. Stytta þarf vegalengdir milli byggðakjarna og gera vegi öruggari til að gera svæðið samkeppnishæft á við aðra landshluta. Þannig er hægt að búa til stærri og öflugari atvinnu- og búsetusvæði á Vestfjörðum.

Mikill vöxtur er í vestfirsku atvinnulífi með tilheyrandi flutningum verðmæta frá svæðinu. Samgöngukerfið er ekki undir þessa miklu flutninga búið auk neikvæðra áhrifa á samkeppnisskilyrði vestfirskra fyrirtækja.

Tryggja þarf fjármagn til **vetrarþjónustu** en Vestfirðir standa mun verr en önnur svæði hvað þetta varðar. Vetrarþjónustan svarar ekki þeirri þjónustubörf samfélag og atvinnulíf á Vestfjörðum þarfnast og er í takti við kröfur nútímasamfélags.

Mikil vonbrigði eru með lengingu framkvæmdar á Vestfjarðarvegi 60. Framkvæmdum átti að vera lokið 2024/2025 en nú er gert ráð að þeim ljúki 2027 í stað 2025.

Hvilftarstönd. Mikilvægt er að hafist verði handa við undirbúning og framkvæmd vegabóta til að tryggja öryggi á Flateyrarvegi vegna snjóflóðahættu og gott að sjá það sem nýframkvæmd í drögum að samgönguáætlun. Hugmyndir um að færa Flateyrarveg yfir á Holtsodda þarfnast frekari skoðunar og lagt er til að skoðaðar verði fleiri lausnir til að tryggja öryggi á Flateyrarvegi.

Einbreiðar brýr skapa mikla hættu á þjóðvegum landsins. Leitt er að sjá að ekki skuli vera markmið að fækka einbreiðum brúum á Vestfjörðum eins gera á á hringveginum.

Uppbygging jarðganga og stórar framkvæmdir, einkum þegar þær eru settar langt fram í tímann, mega ekki hamla því að farið sé í smærri aðgerðir sem margar geta komið málunum langt á veg. Umferðastýring í Vestfjarðagöngum, snjóflóðaskápar, sjálfvirkar lokanir tengdar radarmælingum á snjóflóðum og fleira getur gert mikið gagn á meðan unnið að undirbúningi stærri verkefna.

Jarðgöng:

Ánægjulegt er að sjá að gerð er tillaga um fimm jarðgöng á Vestfjörðum í samræmi við stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum í jarðgangamálum, Álftafjarðargöng, breikkun Breiðadalsleggjar, Mikildalur og Hálfván auk þess sem Klettháls er tekin til skoðunar í samgönguáætlun.

Fram kemur í samgönguáætlun að þörf fyrir jarðgöng sé brýnust á Vestfjörðum, Austfjörðum og á Tröllaskaga. Tekið er undir þessa áherslu samgönguáætlunar en slíkt hlýtur að kalla á **jafnræði** þessara svæða um framkvæmdir. **Hér er sett fram sú meginkrafta að unnið sé samliða að gerð jarðgangna á öllum þessum svæðum.** Gerðar eru alvarlegar athugasemdir við forgangsröðun jarðgangframkvæmda og vakna upp spurningar hvaða forsendur liggja að baki þeirra. Á lista yfir 10 næstu jarðgangaverkefni eru 5 á Vestfjörðum, sem lýsir þeirri brýnni þörf fyrir samgöngubætur á Vestfjörðum. Hins vegar skýtur að skökku við að jarðgöng á Vestfjörðum skuli öll raðast síðast á þeim lista, og vekur það upp spurningar hvaða forsendur voru notaðar við forgangsröðun framkvæmdanna.

Gríðarleg þörf er á að **breikka Breiðadalslegg** Vestfjarðaganga vegna öryggissjónarmiða og vaxandi flutninga. Þakka má fyrir að ekki hafa orðið alvarleg slys á fólki í göngunum. Þau eru illa upplýst og bera ekki þá umferð sem er. Það á við sérstaklega á sumrin þegar mikil fjöldi hópferðabíla blandast við vaxandi þungaflutninga. Mikil fjölgun hefur verið á komum skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar og njóta ferðir á Dynjanda mikilla vinsælda, auk þess sem ferðamönnum er almennt að fjölga. Þessari fjölgun fylgir stóraukin slyshætta í einbreiðum göngum. **Bregðast þarf við þessu strax.** Hægt er að fara í þessa framkvæmd nokkuð fljótt þar sem rannsóknir liggja fyrir sem gerðar voru á Breiðadals og Botnsdalsgöngum. Þess má geta að göngin eins og þau eru í dag uppfylla ekki allar kröfur í reglugerð um öryggi, t.a.m. kantljós og atvikamyndavélar. Þar til að hafist verður handa við breikkun Breiðadalsleggsins þarf að setja upp búnað til umferðastýringar til að draga úr hættu á umferðapungum dögum.

Tryggja þarf öruggar samgöngur milli Ísafjarðar og Súðavíkur með göngum til að losna við snjóflóðahættu og grjóthrun. **Álftafjarðargöng** munu hafa afar jákvæð áhrif á tengsl milli byggðakjarna á Vestfjörðum. Norðanverðir Vestfirðir eru eitt atvinnu- og búsetusvæði. Fjölmargir íbúar sækja atvinnu daglega byggðakjarnanna. Íbúar Súðavíkur sækja flesta sína grunnþjónustu, til að mynda heilbrigðis- og velferðarþjónustu, til Ísafjarðar.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar beinir því til Innviðaráðuneytisins að breyta forgangsröðun jarðganga með því að **setja Vestfirði á oddinn** enda býr enginn annar landshluti við þær aðstæður sem Vestfirðir þurfa að búa við í dag. Horfa verður til þess gríðarlegs ávinnings sem jarðgöng á Vestfjörðum hafa í för með sér, hvað varðar öryggissjónarmið, sameining búsetu- og atvinnusvæða og ekki síst þeirra gríðarlega miklu þjóðhagslegu verðmæta sem verða til á Vestfjörðum. Þessu til stuðnings er vísað í að útflutningsverðmæti eldisafurða var 49 ma. árið 2022 sem urðu að

stærstum hluta til að Vestfjörðum, og í nýlegri skýrslu Boston Consulting Group sem unnin var fyrir Matvælaráðuneytið er gert ráð fyrir á útflutningsverðmæti sjávareldis geti numið 86-213 ma. árið 2032. Þá er ótalið eru þau verðmæti er til verða á Vestfjörðum t.a.m. í sjávarútvegi og líftækni.

Reiðhjólavegir

Huga þarf að reiðhjólavegum á Vestfjörðum en reiðhjólamennska er vaxandi afþreying fyrir íbúa og ferðmenn sem sækja til Íslands. Vegakerfið á Vestfjörðum er mjög fjölbreytt og er mjög vaxandi áhugi fyrir styttri og lengri hjólaferðum og eins hjólakeppnum. Ásókn er í að fara um þá vegi sem hafa verið aflagðir á Vestfjörðum og er hér lagt til að þessir vegir verði hluti af uppbyggingu reiðhjólavega.

Flug

Það er jákvætt að hefja eigi undirbúning rafvæðingar flugvalla og sjálfvirknivæðingar þeirra og orkuskipti í samgöngum almennt. Það vekur athygli að búið er að taka Þingeyri formlega út sem flugvöllur í grunnneti. Taka þarf upp samtal um framtíðarskipulag þessa svæðis, ef hann hættir að vera flugvöllur yfir höfuð. Ef Þingeyrarflugvöllur á að nýtast sem varaflugvöllur þá þarf að skilgreina hvaða skilyrði hann á þá að uppfylla og hvenær hann er notaður.

Loftbrúin skiptir íbúa landsbyggðarinnar miklu máli og ánægjulegt að sjá að það eigi að festa hana í sessi, útfæra þarf loftbrúna þannig að hún nýtist á fleiri en einn áfangastað til mynda milli Ísafjarðar og Akureyrar eða annarra staða á landsbyggðinni.

Halda þarf áfram að leita **nýs flugvallarstæðis** fyrir norðanverðan Vestfirði sem uppfyllir kröfur nútímaflugvalla og eykur landingaröryggi. Finna þarf aðra og betri staðsetningu, t.d. í norðanverðu mynni Skutulsfjarðar. Sú staðsetning gæti leyst vandamál varðandi vind. Bæði aðflug og fráflug yrði mun rýmra. Leggja þarf mat á kostnað og ábata af byggingu flugvallar á þeim stað.

Í drögum af samgönguáætlun er ekkert að finna um stefnumótun vegna ómannaðra faratækja á vegum, lofti og sjó, en þar eru mikil tækifæri sem krefjast vandaðrar stefnumótunar stjórnvalda.

Hafnir

Nauðsynlegar hafnarbætur á vegum hafna Ísafjarðarbæjar er að finna í aðgerðaráætlun 2024-2028, sem er fagnaðarefni. Flýta mætti kaupum á **nýjum dráttarbát** sem er á áætlun 2027. Verulega aukin umsvif á höfninni kalla á nýjan og öflugri dráttarbát.

Nokkrar framkvæmir þurfa að komast á áætlun. Dýpka þarf Ásgeirsbakka á Ísafirði og endurbyggja norðurhluta bryggjunnar. Einnig þarf að endurnýja Harðviðabryggju og kaupa flotbryggjur vegna talsverðar fjölgunar farþegabáta.

Huga þarf að **orkuskiptum í höfnum**. Raforkuþörf á hafnarsvæðum mun aukast verulega á næstu árum samhliða rafvæðingu báta og smærri skipa, byggja þarf upp innviði og auka þarf fjárstuðnings til slíkra framkvæmda til að ná fram markmiðum um kolefnishlutleysi fyrir árið 2040.

Stórir áfangar hafa náðst í uppbyggingu innviða á Vestfjörðum síðustu árin en innviðaskuldin er stór og leita þarf allra leiða til að fjármagna samgönguframkvæmdir, t.a.m. með gjaldtöku svo tryggja megi samkeppnisstöðu Vestfjarða og landsins alls.

Ísafjarðarbær vonast til þess að tekið verði tillit til sjónarmiða sveitarfélagsins.



Arna Lára Jónsdóttir
bæjarstjóri